

Afstöðumynd 1:500

BYGGINGARLÝSING

Fyrirhuguð bygging er ætluð fyrir atvinnustarfsemi. Húsinu er skipt í 11 sjáfstæða eignarhluta. Á lóð er gert ráð fyrir 63 bílastæðum og plóss fyrir sorpgámum. Húsið er byggt upp með kerto súlum og berandi innveggjum úr timbri sem standa á staðsteyptumm sökklum og plötum.
Burðarvirki þaks er úr límtrésbitum og klætt með trapisu einingum sem einangrast svo að ofanverðu með þéttull.
Starfsemin er ætluð fyrir lítil iðnaðarfyrirtæki og geymslurými.
Sökklar (200 mm.) og botnplata 130 mm.) eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu.
Þakvirkið er úr límtrésbitum . Útveggjaeiningar eru samlokueiningum (80 mm) með lóðréttri klæðningu. Þakið er úr trapisueningum (200mm) með þéttull ofana (130mm). Í hverjum eignarhluta er gert ráð fyrir auðbrennanlegu plastefni í þaki(3.5% af gólffleti , sem þjónar sem reyklosun.
Sökklar eru einangraðir með 75 mm. plasteinangrun. Botnplatan er einangruð með 75mm plasteinangrun einungis 100sm frá útvegg. Gler í gluggum er tvöfalt K-gler Byggingin gengur út frá því að hitastig er 18°C>Ti>=10°C.

Varðandi óráðstafað iðnaðarhúsnæði , þá verður sótt um sérstaklega um nýtingu hvers rýmis. Fráveitukerfi verður aðgreint og mengunarútbúnaður verður settur í samráði við heilbrigðisnefnd.

Niðurstöður brunavarna

Brunasamstæður
Húsið er allt ein brunasamstæða, samtals u.þ.b. 2490 m2 en skiptist upp í a.m.k. þrettán brunahólf.

Brunahólf
Hvert iðnaðarbil er sér brunahólf með a.m.k. El60 veggjum og El-CS60 hurðum inn á flóttaganga, fimm iðnaðarbil eru af stærðargráðunni 120-140 m2, fimm eru 220-240 m2og það stærsta er u.þ.b. 284 m2. Flóttagangar eru sér brunahólf.

Burðarvirki
Burðarvirki hússins (lárétt og lóðrétt) verður Kerto timbureiningar en að litlum hluta stálbitar í þaki. Stálbitar og festingar burðarvirkis í þaki verða ekki eldvarin sérstaklega.

Klæðningar
Allar innanhússklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Þak og útveggir eru úr PIR einingum sem uppfyllir ekki að vera klæðning í flokki 1.

Flóttaleiðir
Frá hverju iðnaðarbili eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir. Þar af er önnur leiðin inn á flóttagang sem er sér brunahólf og leiðir beint út.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍST EN 54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður við inngang í flóttagang.

Reyklosun
Reyklosun frá hverju iðnaðarbili verður um auðbrennanlegt plast í þaki sem er a.m.k. 3.5% af gólfflatarmáli og staðsett ofarlega í þakinu. Þetta samsvarar a.m.k. 5.0 m2 í minnstu iðnaðarbilunum. 8 m2 í miðstærðinni og 10 m2 í stærsta iðnaðarbilinu.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli og slökkvitæki verða sett upp í hverju iðnaðarbili. Slöngukefli verður innst í hverju bili. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngu. Slökkvibúnaður skal merktur með viðurkenndum hætti.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð og ÍST EN 1838.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í hverju iðnaðarbili en 1 lux í flóttagöngum. Sett skulu upp út-ljós við alla útganga.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur skal gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkur slökkvibúnaður og út- og neyðarlýsing).

Sjá jafnframt greinargerð VSI nr. 05-184-02 dags. 14.2. 2006.

KÓLNUNARTÖLUR

U gildi þaks	0.20 W/m²	K
U gildi útveggja	0,40 W/m²	K
U gildi útveggja vegið meðaltal	engin krafa	
U gildi glugga	3.0 W/m²	K
U gildi hurða	engin krafa	

STÆRÐARMÁL

Flatarmál húss		2.521.6 m²
Lóðarstærð		7716.6 m²
Nýtingarhlutfall		0.32
Bílastæðabókhald	2521.6/ 50=	50.43 stæði
Bílastæði eru		63 stæði

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.
22 MARS 2006
Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar innar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Ketilsson

ÁSKILIÐ SÁTTÖKUN

N

TÁKN

GN	= Gólfniðurfall
ÞN	= Þaknniðurfall
LR	= Loftræsting
VLR	= Vélknúin loftræsting
PK	= Póstkassar
NL	= Neyðarljós
BO	= Bjöllunarop
R	= Reykskynjari
HSL	= Handslökkvitæki
ÚT ▶	= Merktur útgangur
SO	= Fellistigi við bjöllunarop
	= Brunaslanga
	= Stigleðsla
	= Inntak
	= Bílastæði fyrir fatlaða
EI60 EI90 A-EI60 A-EI120 REI60 REI120 A-REIM120	= Veggir og hæðaskil
E-CS30 EI-CS30 EI-CS60	= Hurðir
E30	= Gluggar

BREYTING

Breyting	Dagsetning	Teiknað	Yfirfarið
1	08.03.06	YAI	YAI

A:Burðarsúlum húss breytt .Súlur voru áður staðsteyptar og verða nú úr límtré. Eivfirnur er burðar .með berandi innveggjagrindum

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Suðurlandsbraut 4a - 3 hæð . 108 Reykjavík. Ísland
S. 564 2255 . Fax. 544 4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Verkefni:	Rauðhella 5		
Staður:	Hafnarfjörður		
Verkhluti:	Afstöðumynd		
Verknúmer:	05071AI	Verkefnastjóri:	KR
Hönnun:	KR	Teiknað:	YAI
Yfirfarið:	KR	Samþykkt:	Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669
Mælikvarði:	1:500	Dagsetning:	14.02.2006
Skrá:	05071AI-L001.dwg	Blað:	L001

1:500 0 5 10 15 20 25 30 35 40 45 50 m

Plot: 6.3.2006 11:52:17
Save: 14.2.2006 15:16:23

Copyright © KRark